

# **Reglur Félagsráðgjafardeildar um skiptinám og mat á utandeildarnámi**

*Samþykktar á deildarfundi 22. ágúst 2024*

*sbr. 4. mgr. 53. gr reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands*

## **1. gr.**

Félagsráðgjafardeild getur heimilað að nám við aðrar háskóladeildir eða aðra háskóla verði metið sem hluti af grunnnámi, í stað valnámskeiða eða skyldunámskeiða að því tilskildu að efni þess og kennslumagn sé sambærilegt.

Ef 10 ár eða meira hafa liðið síðan námi var lokið fæst það ekki metið.

## **2. gr.**

Námskeið sem metið er úr annarri deild í stað skyldunámskeiðs er ekki viðurkennt til fleiri eininga en skyldunámskeið deildarinnar.

## **3. gr.**

Námskeið sem nemandi hefur lokið við Háskóla Íslands skulu að jafnaði færð inn á feril stúdents með sömu einkunn. Ef námskeið hefur verið lokið á brautskráðum ferli, við erlenda háskóla eða á æðra námsstigi skulu þau færð inn án einkunnar á feril stúdents (metið án einkunnar).

Til þess að standast próf í utandeildarnámsgreinum skal stúdent hljóta einkunnina 5,0 hið minnsta í hverju námskeiði en ef lágmarkseinkunn í þeirri deild, þar sem nám er stundað, er hærri verður stúdent að hljóta minnst þá einkunn.

## **4. gr.**

Stúdent sem endurinnritast í deildina eftir að hafa hætt námi eða vegna tvífalls á ferli innritast samkvæmt kennsluskrá þess háskólaárs sem endurinnritun fer fram. Stúdent getur fengið fyrra nám metið sbr. 1. gr.

## **5. gr.**

Námskeið sem áður hefur verið látið gilda til námsgráðu er heimilt að meta sem hluta af grunnnámi í félagsráðgjöf að uppfylltum skilyrðum 1. gr. þessara reglna, en þó að hámarki 60 ECTS eininga. Ekki er heimilt að meta lokaritgerð með þessum hætti, hana skal ávallt skrifa við Félagsráðgjafardeild.

## **6. gr.**

Stúdentum í félagsráðgjöf er heimilt að sækja um skiptinám við félagsráðgjafardeild erlends háskóla sem Félagsráðgjafardeild eða Háskóli Íslands hefur gert samning við. Stúdent í grunnnámi þarf að ljúka

60 ECTS einingum áður en skiptinám hefst. Ef sú áætlun hans bregst fellur umsókn hans um skiptinám sjálfkrafa og án frekari viðvörunar úr gildi.

Nemendur sem fara í skiptinám nýta 18 ECTS eininga val og að auki, með nýrri kennsluskrá, verða eftirtalin námskeið færð inn sem bundið val á móti skiptinámi:

Fötlun og samfélag, FRG509G

Skólafélagsráðgjöf, FRG315G

Réttarfélagsráðgjöf, FRG316G

#### **7. gr.**

Umsókn um að fá námskeið úr öðru námi metin skal send skrifstofu Félagsráðgjafardeildar ásamt upplýsingum um skipulag þess, lesefni og námstilhögun. Skrifstofa deildar skal eftir atvikum leita umsagnar umsjónarkennara Félagsráðgjafardeildar í viðeigandi námskeiðum áður en afstaða er tekin til umsóknarinnar.

Beiðni um skiptinám og mat á námi við aðrar háskóladeildir og aðra háskóla er afgreidd í deildarráði Félagsráðgjafardeildar. Umsóknir um skiptinám skulu berast skrifstofu Félagsráðgjafardeildar í síðasta lagi 15. febrúar vegna skiptináms á næsta skólaári.